

59

16. maí

Auglýsing

Í framhaldi af auglýsingu frá 12. þ. m., auglýsist hjermeð, að þess má vænta, að útlutningsleyfi verði einnig veitt á meðalalýsi.

Í stjórnarráði Íslands, 16. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

60

19. maí

Reglugjörð

**um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Ísafjardarkaupstað
frá 20. júlí 1917.**

Við I kafla, 1. málsg. ímf.

Í stað »15« komi 20.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 19. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

61

20. maí

Reglugjörð

**um breyting á fjárskilareglugjörð 22. júlí 1916 fyrir hreppana
milli Þjórsár og Hvítár (Ølfusár) í Árnessýslu.**

Aftan við 47. gr. bætist:

Á fjallskilafundum ár hvert skal kjósa 2 dilkstjóra fyrir hvert dilkfjelag.

Dilkstjórar þessir hafa á hendi nákvæmt eftirlit með allri fjársölu og viðskiftum manna í rjettunum.